

Miðvikudaginn 28. janúar 1976.

Nr. 81/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Halldóri Sveinbirni Kristjánssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Brot gegn lögum um dýravernd og búfjárrækt.

Dómur Hæstaréttar.

Málavextir og málsgögn eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Skilja verður ákæruna í máli þessu þannig, að ákærði sé sóttur til saka fyrir að hafa vanfóðrað og vanhirt þau húsdýr sín, sem nefnd eru í ákæruskjali, þ. e. nautgripi, sauðfé og hross.

I.

Af gögnum máls kemur fram, að ákærði hefur haft 14—16 hross á búi sínu. Í skýrslu þeirra Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis og Odds Rúnars Hjartarsonar héraðsdýralæknis frá 8. febrúar 1963 um skoðun þeirra 6. s. m. á búfé og aðbúnaði búfjár ákærða segir svo um hross hans: „Hross, 14 að tölu, voru úti, en virtust enn sæmilega á sig komin. Bóndi upplýsti, að þeim hefði verið ætlað hús í þeim hluta fjárhússins, sem enn er með þaki“.

Var skýrsla þessi lögð fram í sakadómi 12. október 1974, og staðfesti yfirdýralæknir hana 17. s. m., en héraðsdýralæknir 12. þess mánaðar. Bar hann þá, að hann hefði séð hross tilsyndar að Heynesi, en aldrei skoðað þau.

Í sakadómi 12. október 1974 bar ákærði, að hross sín hafi gengið úti og þeim hafi aðeins verið gefið, ef þörf hafi verið á. Þau hafi lítið verið á húsi seinni árin.

Jón Ottesen, hreppstjóri í Innri-Akraneshreppi, kom að Heynesi með sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og

héraðsdýralækni hinn 30. mars 1973. Segir hreppstjóri hross þá hafa verið úti. Hann hafi ekki litið á þau, en telji, „að þau hafi verið í lagi“.

Gísli Þórðarson baðvörður, sem kom að Heynesi til ákærða 9. febrúar 1963, ber í sakadómi 17. október 1974, að „hross, er voru úti, virtust vera í góðu lagi“.

Ekki er sannað, að ákærði hafi vanhirt eða vanfóðrað hross sín, né heldur, að þau hafi eigi verið hýst, ef þörf var á. Verður ákærði því sýknaður af þessu ákæruatriði.

II.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi um meðferð, fóðrun, hirðingu og húsakost sauðfjár og nautpenings ákærða, þykir hann hafa gerst brotlegur við lagaákvæði þau, er í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Svo sem í héraðsdómi getur, er sök ákærða ekki að neinu leyti fyrnd, enda er hér um að ræða ólöglegt ástand, er haldist hefur allt frá því á árinu 1962.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt, er að $\frac{1}{3}$ hluta renni til ríkissjóðs og að $\frac{2}{3}$ hlutum til Búnaðarfélags Innra-Akraneshrepps. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, afpláni ákærði hana með varðhaldi 10 daga.

Samkvæmt 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, nú 19. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, skal ákærða óheimilt í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja að hafa í umráðum sínum nautgripi og sauðfé.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, greiði 30.000 króna sekt, er að $\frac{1}{3}$ hluta renni til ríkissjóðs og að $\frac{2}{3}$

hlutum til Búnaðarfélags Innra-Akranesshrepps. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald 10 daga í stað hennar.

Ákærða er í 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja óheimilt að hafa í umráðum sínum nautgripi og sauðfé.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. febrúar 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 11. febrúar, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Halldóri Sveinbirni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. maí 1973, gegn ákærða, „Halldóri Sveinbirni Kristjánssyni, bónda að Heynesi, Innra-Akraneshreppi, fæddum þar 7. maí 1918, fyrir að hafa með illri aðbúð og umhirðu skepna á bæ sínum farið svo illa með búfénað sinn, einkum nautgripi og kindur, að við skoðun 30. mars s.l. voru allar mjólkurkýr ákærða vanfóðraðar og þar af ein horfóðruð, ein kvíga fengin var horfóðruð og 14 kálfar allir vanfóðraðir, sumar kúnna voru lúsugar og ein hárlaus á vinstri síðu, og allir voru gripirnir með flórklepra á lærum og kviði. Í fjárhúsum, óhæfum að umbúnaði, sem hvorki halda vatni né vindum og hanga uppi að því er virðist á hliðarstífum, voru 54 kindur allar vanfóðraðar. Auk þess á ákærði og heldur við sömu aðstæður 16 hross. Ákærða er gefið að sök að hafa allt frá árinu 1962 og til þessa, þrátt fyrir ítrekaðar aðfinnslur á því tímabili öllu af hálfu opinberra aðila og fyrirmæli um úrbætur, síðast fulltrúa sýslumanns í þinghaldi 9. apríl s.l., vanhirt og vanfóðrað svo búfénað sinn, að hann hefur liðið sakir fóðurskorts og illrar umhirðu. Áðurtalinn búfénað hafði ákærði á fóðrum s.l. vetur, þrátt fyrir að hann í lok október s.l. ætti, samkvæmt athugun

forðagæslumanna, litlar sem engar heybirgðir og aðeins skemmt hey, það litla sem var.

Þykir framangreint atferli ákærða varða við 1. gr. og 2. gr., sbr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957 og 76. gr., sbr. 81. gr. laga um búfjárrækt nr. 21/1965.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um dýravernd sviptur heimild til að eiga dýr og hafa í umráðum sínum“.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Ákærði í máli þessu, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, hefur alla tíð átt heima í Heynesi í Innra-Akraneshreppi, en þar bjuggu foreldrar hans. Ákærði er eigandi jarðarinnar og hefur rekið þar búskap frá árinu 1952. Síðustu 3—4 árin kveðst hann hafa rekið búskapinn einn síns liðs, en þó fengið aðstoð á sumrin við heyskapinn. Bústofninn hjá ákærða hefur að jafnaði verið 11—16 kýr ásamt nokkru af kálfum, um 50 kindur, eða rúmlega það, og 14—16 hross.

Í bréfi Búnaðarfélags Íslands, dags. 29. nóvember á sl. ári, segir svo um bústofn og fóðurforða ákærða á haustnóttum 1974:

„Búfé á fóðrum:	Fóðurforði:	m ³
5 mjólkurkýr	Fyrningar	25
10 geldneyti	Þurrhey	466
8 kálfar	Vothey	50
50 ær		
2 hrútar		
14 gemlingar		
4 hestar 4 v. og eldri		
8 hryssur 4 v. og eldri		
2 tryppi		
1 folald.		

Mat forðagæslumanna á heyforða þessum er samtals 29.550 F.E., en fóðurþörf bústofnsins 27.500 F.E. Er þá miðað við metna meðalþörf fóðurs á hverja tegund búfjár í hreppnum. Tún jarðarinnar er talið í árslok 1973 vera 21.6 hektarar“.

Á undanförnum árum hefur búrekstur ákærða verið kannaður annað veifið vegna gruns um, að búfénaður hans sætti illri aðbúð

og umhirðu. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um þetta í vottorðum skoðunarmanna, framburðum vitna og framburði ákærða sjálfs.

Hinn 23. janúar 1961 skoðaði Oddur Rúnar Hjartarson héraðs-dýralæknir að beiðni sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fjós og peningshús að Heynesi. Var með honum við skoðunina Þorgrímur Jónsson, bóndi að Kúludalsá í Innra-Akraneshreppi, fódurbingðamaður hreppsins. Segir svo í skýrslu Odds um skoðun þessa:

„Umhverfis íbúðarhús og peningshús úir og grúir af alls konar drasli, hálfgröfðu í forina, sem umhverfis húsin er.

Fjósið er einstætt 12 kúa fjós, einangrað að nokkru leyti með torfi. Loftræsing er engin, enda óþörf, því að langveggurinn með fram tröðinni (örmjó silla fyrir aftan flórinn) er mjög óþéttur, þannig að bæði rignir og blæs í gegnum hann. Veggurinn milli hlöðu og fjóss er einnig mjög óþéttur. Flórinn er mjög slæmur, mjór og næstum hallalaus, en steinsteypdur. Jötur eru mjóar og hálffullar af röku og föstu moði. Fóðurgangur er enginn. Moldar-básar klæddir timbri, ósléttir og óhreinir, eru í fjósinu. Mjög lágt er undir loft. Tveir litlir og óhreinir gluggar eru í fjósinu, báðir við suðurgabl. Þar af leiðandi er mjög dimmt í fjósinu.

11 Kýr og 1 geldneyti eru í fjósinu, og eru þau öll óhrein og illa hirt, en í sæmilegum holdum. Út úr einum jógurfjórðungi á tveim kúm hefur grafið (Mastitis necrotidans), og þeir fjórðungar eru óstarfhæfir. Ein kýr er með jógurbólgu, vegna þess að kálfur hefur losnað í fjósinu og hann sögið kúna.

Mjólkurflát og mjólkursigti eru þakin þykkri skán af mjólkursteini og óhreinindum. Mjólkinn er kæld í djúpum vatnslausum brunni.

Vatnsbólið (steypdur og illa lokaður brunnur) fyrir menn og skepnur er staðsett þannig, að því hallar frá opnu haugstæði. Vatnið í vatnsbólínu er ekki tært, og ýmis óhreinindi fljóta á yfirborði vatnsins.

Hvorki finnst vatnssalerni né kamar að Heynesi.

Heyhlaðan er byggð úr bárujárnsplötum. Í aðra hliðina vantar að minnsta kosti tvær bárujárnsplötur. Sama er að segja um þakið á hlöðunni. Óþéttleiki hlöðunnar orsakar dragsúg mikinn í fjósinu.

Fjánhúsin eru hriplek, óþétt og komin að falli. Engar grindur eru í þeim. Jöturnar eru næstum fullar af blautu þétu moði.

Ástand fjárhúshlöðunnar er ámóta og fjárhúsanna.

Í örlitlum skúr í horninu milli fjárhúsa og fjárhúshlöðu eru hvorki meira né minna en sex vetrungar og tvö haustborin lömb. Holdafar þessara dýra var ekki svo slæmt. Jöturnar hér voru hálf-fullar eins og í fjárhúsunum. Birtan í kofanum er mjög takmörkuð, og rétt fyrir utan dyrnar er mjög hár mykjuhaugur. Það er alger óhæfa að hafa þessi átta dýr í þessum kofa, sem er algerlega ónýtur.

Öll gripahús að Heynesi eru, að mínu áliti, gjörsamlega ónot-hæf. Öll umhirðing fjóss og mjólkuráhalda er endemi, sem hvergi ætti að sjást, og mjólkurframleiðsla við slíkar aðstæður og að Heynesi er algerlega fráleit“.

Hinn 10. apríl 1962 skoðaði Oddur Rúnar Hjartarson aftur að beiðni sýslumanns mjólkurkýr, geldneyti og fjós að Heynesi. Samtímis kveðst hann hafa skoðað, hvort 6 kvígur, sem voru hafðar í kofa við fjárhúshlöðu, hefðu verið fjarlægðar. Segir á þessa leið í skýrslu um skoðunina:

„Öllum kvígunum, sem voru freklega vanfóðraðar, nema einni, hafði verið komið fyrir að Kjaranstöðum í sama hreppi. Þessi eina kvíga var nýborin og því flutt yfir í fjós til hinna kúnna.

Gripahúsum að Heynesi ætla ég ekki að lýsa, en vísa í þess stað til skýrslu minnar dags. 24. janúar 1961, sem sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur undir höndum. Rétt þykir að taka fram, að gripahús að Heynesi hafa versnað frá 24. jan. 1961—10. apr. 1962.

Kýrnar í „fjósinu“ að Heynesi eru að mínu áliti vanfóðraðar, sóðalegar, óhirtar og hlandbrunnar. 2 kýr voru með júgurbólgu. Nokkrar kýr voru lúsugar.

Básar eru 12 í „fjósinu“. Nautgripir á þessum básum voru 13“.

Hinn 17. apríl 1962 fóru þeir Þorgrímur Jónsson og Benedikt Haraldsson, forðagæslumenn í Innra-Akraneshreppi, að beiðni oddvita hreppsins, að Heynesi til að athuga fóðrun fénaðar þar. Segir svo í skýrslu þeirra:

„Um kýrnar viljum við segja þetta:

Af þeim kúm, sem eru í fjósinu, eru 5 vanfóðraðar og þurfa nauðsynlega betra fóður og hirðingu. Hinar kýrnar eru einnig vanhirtar og ljótar, en ekki það holdgrannar, að við teljum þær — eins og er — aðfinnsluverðar. Hins vegar viljum við benda á það, að allar kýrnar hafa lagt af og sumar mikið, frá því að við framkvæmdum forðagæzluskoðun þarna þann 14/3 s.l. Þá er og að geta þess, að nú var búið að troða vetrungskálfi í básinn hjá einni kúnni, sem er óhæft, því mjög er vafasamt, að gripir þessir geti lagst. Þá viljum

við einnig geta þess, að í fjóshlöðunni eru 2 vetrungar (þeir voru áður í kofanum við fjárhúsin). Aðbúð þeirra er óhæf. Að lokum þetta:

Fjósið á Heynesi — eins og önnur gripahús þar, er nær ónýtt og algerlega ónothæft í því ástandi, sem það er í nú. Ennfremur er öll umgengni þarna með eindæmum slæm. Um féð, sem við skoðuðum einnig, segjum við þetta: Ærnar, sem sumar virðast eiga að bera snemma, hafa lagt mikið af, og er nauðsynlegt að koma einhverju af þeim í fóður annarsstaðar. Einnig eru þarna sármagrir gemlingar, sem þurfa hjúkrunar við. Þá viljum við geta þess, að í fjóshlöðunni lá ein kind ósjálfbjarga. Kröfðumst við þess, að henni yrði lógað strax. Hreppstjórinn tók að sér að sjá um framkvæmd þess.

Síðast liðið haust setti bóndinn í Heynesi á vetur bleikan hest gamlan. Þessi hestur hefur ekki verið með hrossum Halldórs nú all lengi, og höfum við engar fullnægjandi upplýsingar fengið um afdrif hans“.

Hinn 6. febrúar 1963 skoðuðu Páll Agnar Pálsson yfirdýralæknir og Oddur Rúnar Hjartarson héraðsdýralæknir búfé og aðbúnað þess að Heynesi. Fór skoðun þessi fram að beiðni sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Segir svo um hana í skýrslu til sýslumanns, dags. 8. sama mánaðar:

„Bústofn hans (þ. e. ákærða) reyndist vera 12 kýr, 6 kálfar, 14 hross og 51 kind.

Kýrnar voru í þolanlegum holdum, en hirðing þeirra mjög bágborin, allar kýrnar með mikla flórklepra á lærum, kviði og upp á síður, einkum þær sem næst stóðu dyrum. Enn virtust þær þó ekki með flórsárum. Kálfar voru í afhýsi og tveir þeirra horaðir, en hinir í sæmilegu standi.

Fjósið er að heita má ónýtt, enda rúmlega 30 ára gamalt samkvæmt upplýsingum bóndans. Það er dimmt, aðeins gluggar í öðrum enda þess. Fjósið er einstætt og snúa kýrnar haus að hlöðu, sem er aðskilin frá fjósinu með timburþili. Fóðurgangur er enginn og jötur víða brotnar og úr sér gengnar, hálffullar af moði. Básar eru ósléttir og flór grunnur og mjór og aftan við hann mjó stétt. Ræstingu fjóssins var mjög ábótavant. Þak hefur verið einangrað með torfi innan á bárujárn og því haldið uppi með fjöllum, þó ekki þéttklætt. Víða er þessi einangrun að falla niður. Útveggir eru víða að bila, svo að sér út um stór göt og glufur. Veður og vindar næða því um gripina, og ógerlegt virðist að ráða að neinu við fjóshitann, enda brynningartæki óvirk vegna frosts.

Svipuðu máli gegnir um skúr kálfanna, og er ræstingu þar einnig mjög ábótavant.

Teljum við fjós þetta óhæft. Umgengni og ræsting þess er langt frá því að vera viðhlítandi.

Hross, 14 að tölu, voru úti, en virtust enn sæmilega á sig komin. Bóndi upplýsti, að þeim hefði verið ætlað hús í þeim hluta fjárhússins, sem enn er með þaki.

Kindur voru allar í sama húsi. Þær voru mjög misjafnar, sumar í sæmilegum holdum, aðrar vanholda og kviðlausar. Bóndi taldi, að borið hefði á skitu í nokkrum kindum, og sáust merki þess, að svo hefði verið í nokkrum þeirra. Ekki hafði hann gefið þeim ormalyf. Fjárhúsin eru tvö, standa hlið við hlið og stoðir og veggslitrur á milli. Annað húsið er með öllu þaklaust, en sperrur standa að mestu, og liggja bárujárnsplöturnar af þakinu á gólfinu. Hitt húsið er með þaki, en hlið sú, sem veit að þaklausa húsinu, að mestu opin, eins og áður segir. Ekki rúmar það hús nema hluta fjárlins. Í þessu húsi er þykk skán og garðjatan í miðju húsinu líka barmafull af skán, enda eiga kindurnar greiðan gang þar um. Fénu er beitt að jafnaði, en nú hafði það staðið inni síðan fyrir helgi, eða 3—4 daga, vatnslaut að sögn bónda.

Við teljum, að aðbúnaður þessara kinda sé hvergi nærri viðhlítandi og mjög sennilegt, að nokkrar þeirra að minnsta kosti lifi ekki til vors, verði eigi bætt verulega um fóðrun og meðferð fjárlins.

Það er álit okkar, að aðbúnaði nautgripa og sauðfjár á Heynesi sé svo ábótavant, að á engan hátt sé viðhlítandi að brýna nauðsyn beri til róttækra endurbóta sem allra fyrst“.

Hinn 16. desember sama ár og að framan greinir skoðaði Oddur Rúnar Hjartarson að beiðni sýslumanns aðbúnað búfjár og peningshús að Heynesi. Segir svo um skoðunina í skýrslu hans til sýslumanns:

„Í fjósi voru 12 nautgripir. Í afhýsi við fjós voru 3 vetrungar, og í afþiljuðu skoti milli afhýsis og fjóss voru nokkrar hænur. Kýrnar voru í þolanlegum holdum, en hirðing þeirra slæm. Þær voru með talsverða flórklepra á lendum, læri, kviði og upp eftir síðum.

Fjósið er ónýtt. Það er dimmt og þröngt. Víða sér út um stórar glufur og rifur á veggjum þess. Neðri hluti austurveggs, sem er úr torfi og grjóti, er nokkuð siginn og hætta á, að hann hrynji, vegna þess að stór grunnur hefur verið grafinn þétt við vegginn. Þessi grunnur er nokkrum metrum dýpri en gólf fjóssins. Torf-

einangrun er undir bárujárnri í þaki fjóssins. Þessi einangrun er víða að falla niður. Ekki er einangrun að finna annars staðar í fjósinu. Veður og vindar næða því um gripina, og fjóshitinn er mjög breytilegur.

Í afhýsinu við fjós voru 3 vetrungar. Voru þeir með mikla flórklepra, illa hirtir og holdlitlir. Afhýsið er einnig ónýtt. Fyrir framan það var stór mykjuhaugur, sem stóð hærra en flór afhýsis. Flór afhýsisins var barmafullur af moði, hlandi og mykju. Að öðru leyti var ástand afhýsisins líkt og fjóssins.

Hænsnin í afpílaða skotinu, milli fjóssins og afhýsis, voru mjög illa hirt og sóðaleg. Öll voru dýrin útötuð í blóði, en blóð úr folaldi höfðu þau fengið sem fóður. Vistarvera hænsnanna heldur hvorki veðri né vindi. Ræsting hæsnahússins var með öllu ófullnægjandi.

Fjárhúsin eru eins og fyrir ári síðan, að öðru leyti en því, að mokað hefur verið út talsvert af skán, stungið út úr jötunum og sett þak á þaklausu húsið. Víða sést þó enn út um rifur á þaki og gaffli fjárhúsanna.

Í kofa við fjárhúsin voru tveir hrútar. Voru þeir kviðlitlir, en í sæmilegum holdum. Mjög stór glufa var á norð-austurhlið kofans. Dyr kofans voru að mestu leyti huldar bak við stóran moldar- og taðhaug, og varð sá, sem inn um dyrnar fór, nærri því að skriða á fjórum fótum. Ræstingu í skúr þessum var mjög ábótavant.

Að mínu áliti eru öll peningshús að Heynesi ónýt. Sum þeirra jafnvel hættuleg dýrum, þar sem þau geta hrunið ofan á dýrin. Hirðing búpenings að Heynesi er algerlega óviðunandi, og skjótra úrbóta er þörf, svo að komið verði í veg fyrir frekari þjáningu búpeningsins á staðnum.

Nú hef ég undirritaður, síðan í janúar 1961, öðru hverju kynnt mér ástand búpenings og peningshúsa að Heynesi. Á þessu tímabili hefur hirðing búpenings verið mjög slæm, jafnvel vanfóðrun hefur átt sér stað. Peningshús hafa einnig mikið versnað, þannig að ég tel þau ónýt.

Þar sem ábúandi Heynesjarðar hefur algerlega látið hjá líða að hefja þær ítrekuðu endurbætur á hirðingu búfjár síns og peningshúsum, sem krafist hefur verið af honum, þá mælist ég til, að Halldór Kristjánsson bóndi að Heynesi verði sviptur bústofni sínum“.

Hinn 14. febrúar 1966 athuguðu Sighvatur Snæbjörnsson dýra-læknir og Guðmundur Pétursson héraðsráðunautur, að beiðni

sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gripahús, búpening og heybirgðir að Heynesi. Segir svo í skýrslu þeirra um skoðunina:

„Að þessari skoðun lokinni teljum við, að gripahús séu óviðunandi, holdafar gripa sæmilegt, en hirðing, sérstaklega nautgripa, svo og umgengni öll fyrir neðan það, sem sæmilegt má teljast. Heybirgðir munu vera nægjanlegar að vöxtum, en lélegar að gæðum.

Við jógurskoðun með bromthymolbláum pappír sýndu 5 júgur jákvætt (júgurbólgu), og var eiganda gripanna greint frá því og ráðlagt, hvernig með skyldi fara.

Viðeigandi aðstaða til framleiðslu og meðferðar söluhæfrar mjólkur virðist ekki vera fyrir hendi“.

Hinn 10. maí 1968 framkvæmdi Oddur Rúnar Hjartarson fjósaskoðun að Heynesi vegna stöðvunar á mjólkursölu frá bænum. Segir svo í vottorði hans til héraðslæknis og mjólkureftirlitsmanns ríkisins um skoðun þessa:

„Afhenti ég honum (þ. e. ákærða) ekki fjósaskoðunarovottorð fyrir árið 1968, en tjáði honum, að sala mjólkur úr fjósi hans yrði stöðvuð þegar í stað.

Til rökstuðnings ákvörðun minni mun ég hér að neðan lýsa ástandi fjóssins, umhverfi þess, hirðingu og heilbrigði nautgripa o. fl.

Haughús fjóssins er yfirfullt, svo að mykja og hland flýtur undir nautgripina á básunum. Kýrnar eru þess vegna þaktar flórkleprum á kvið, jógri og síðum, og eitt geldneyti var orðið hár-laust á kvið og síðum vegna hlandbruna. Júgur kúnna voru auk fastra flórklepra þakin kúamykju og hlandi. Fóðrun kúnna var slæm, en ekki var um vanfóðrun að ræða.

Gólfötur suðurhluta fjóssins er þakinn með ca 50 cm háum haugbing, sem myndast hefur við lausagöngu nokkurra nautgripa þar svo og við það, að mykju frá nautgripum í norðurhluta fjóssins hefur verið mokað þangað. Við einn vegg fjóssins var í haugbingnum bundin geldkúr.

Engin milligerði eru milli kúnna, svo að þær geta auðveldlega skitið og migið upp í básana hjá hver annarri.

Fóðurgangur er þakinn moðrusli, og alls konar annað drasl er víða í fjósinu.

Vesturgafli fjóssins er tildrað upp og einangraður með reyplasti.

Steypumót hafa ekki enn þá verið fyllilega fjarlægð af veggjum

fjóssins. Steyptir veggir eru allir óeinangraðir, ómúrhúðaðir og ómálaðir. Gler er í nokkrum gluggum, að öðru leyti eru gisnir flekar negldir fyrir aðra glugga, nema einn sem stendur opinn.

Af 10 mjólkurkúm var ein kýrin algerlega ónýtt vegna jógurbólgu, 7 kýr svöruðu jákvætt við jógurbólgu-prófun með bromthymolbláum pappír (jógurbólgupappír), og ein kýr var geld.

Hvorki var kamar né vatnssalerni á bænum.

Mjólkurhúsið er hrófatildur og sennilegt, að mjólk frjósi í kæli-tank, sem þar er, þegar mest eru frost.

Umhverfis fjós og íbúðarhús úir og grúir af alls konar drasli, og forarleðja er þar mikil í rigningum.

Mjólkurílát og mjaltavélar voru vel þrífín.

Af framanskraðu ætti að vera ljóst, að mjög mikil vanhirða er á gripum bóndans að Heynesi, mjólkurkýrnar allar mjög sóðalegar og umgengni öll utan fjóssins sem innan að endemi.

Vonast ég til, að þið getið fallist á þá ákvörðun mína að loka þessu fjósi þegar í stað, þar sem ég hinn 18. október 1967 tjáði umræddum bónda, að fjósinu yrði lokað við næstu skoðun (1968), ef ekki stórfelldar umbætur yrðu framkvæmdar á hirðingu mjólkurkúnna og á allri umgengni utan fjóss sem innan. Ástand fjóssins hefur stórlega versnað, frá því að skoðun fór fram hinn 18. október 1967.

Ef þið getið ekki fallist á þessa ákvörðun mína, væri nauðsynlegt, að við framkvæmdum sameiginlega fjósaskoðun að Heynesi þegar í stað“.

Vorið 1972 var bönnuð sala mjólkur frá Heynesi, og fór fram af því tilefni skoðun þar til að kanna aðstöðu til framleiðslu og meðferð mjólkur hinn 18. apríl. Ásgeir Ó. Einarsson dýralæknir hafði á hendi skoðun þessa, en með honum var Oddur Rúnar Hjartarson. Segir svo í skýrslu Ásgeirs um skoðunina:

„Eftir kvörtun frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík (M.S.) um slæma mjólk frá bænum Heynesi, Innri-Akraneshreppi, bóndi Halldór Kristjánsson, skoðaði eftirlitsmaður vor, Ásgeir Ó. Einarsson, dýralæknir, ásamt Oddi R. Hjartarsyni, héraðsdýralækni, aðstöðu til framleiðslu og meðferðar mjólkur á umræddum bæ þann 18. apríl síðast liðinn.

Fjósið er nýlegt með ristarflór og haughúsi undir, en haugur flýtur jafnóðum fram á tún. Annar haugur, þéttari, er fyrir dyrum. Í kringum fjós og íbúðarhús (og fjárhús) eru hrúgur af alls konar dóti og drasli, svo að annað eins þekkist ekki á landi hér.

Kýrnar eru horaðar og óhreinar og ekki mokað undan kálfum og kvígum. Einn bás er óhæfur fyrir nokkra skepnu að liggja á. Júgurbólga er algeng í kúnum.

Mjólkurhúsið er ópéttur og ómálaður skúræfill, sem hefur engan þann tækjabúnað, sem mjólkurhús þarf að hafa, ekki einu sinni rennandi vatn. Í skúr þessum er mjólkurkæligeymir, sem innihélt slatta af 4 daga gamalli mjólk. Var fúl lykt úr geyminum af gömlum mjólkurleifum vegna slæmrar hreinsunar, sem von er, þar sem eigi er rennandi vatn fyrir hendi. Kústurinn, sem notaður er við tankþvottinn, er geymdur í óhreinum glugganum.

Undanfarin ár hafa ýmsir eftirlitsmenn, svo sem héraðsdýralæknir, hreinlætisráðunautur M.S. og rannsóknardýralæknir M.S., reynt að segja viðkomandi framleiðanda Halldóri Kristjánssyni til um meðferð mjólkur og mjólkurbúa, en að því er virðist án árangurs.

Nýverið hefur mjólkin þarna fallið tvívegis niður í 4. flokk, og í annað skiptið fór hún saman við góða mjólk í bíltankinum. Er það mjög bagalegt og óhugnanlegt, og ber að neyta allra ráða til að slíkt komi ekki fyrir.

Að öllu athuguðu teljum vér, að umræddur bóndi sé alls ófær um að umgangast mjólkurkúr og mjaltatæki og að framleiða hreina og heilbrigða mjólk.

Vér leggjum því til, að heilbrigðisnefnd í samráði við héraðsdýralækni Odd R. Hjartarson stöðvi alla mjólkursölu frá umræddu kúabúi fyrir fullt og allt. Til þess geta þessir aðilar farið eftir ákvæðum laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, 3. grein, og reglugerð nr. 157/1953 um mjólk og mjólkurvörur, 9. gr. 1., 3. mgr.“.

Vitnið Ásgeir Einarsson dýralæknir hefur mætt í dómi og staðfest vottorð sitt, er að framan greinir.

Vitnið er starfsmaður hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Hefur það aðallega yfireftirlit með mjólkurbúum og mjólk og einnig ráðuneytisstarf fyrir heilbrigðisnefndir í þeim málum.

Eins og í skýrslu vitnisins greinir, fór það að Heynesi ásamt Oddi Rúnari Hjartarsyni 18. apríl 1972. Var ferðin farin fyrst og fremst til að kanna aðstöðu til framleiðslu og meðferð mjólkur á umræddum bæ. Að sögn vitnisins voru kýr horaðar og óhreinar, sérstaklega kálfar og kvígur, og hafði ekki verið mokað undan hinum síðarnefndu. Tréverk hafði bilað í einum básnum. Hafði ekki verið gert við það, en planki lagður þversum á ská yfir básinn. Kvíga var bundin á básnum, og varð hún að liggja á

plankanum. Vitnið kveður framangreinda nautgripi hafa sætt illri meðferð.

Í tilefni af skoðun þessari ritaði Oddur Rúnar Hjartarson bréf til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 29. sama mánaðar, þar sem hann lýsti sig samþykkan framangreindri ráðstöfun. Segir svo í bréfinu:

„Þessu álitinu mínu til rökstuðnings vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Þann 23. janúar 1961 skoðaði ég, samkvæmt kæru Ásgeirs Þ. Ólafssonar, héraðsdýralæknis í Borgarnesi, og beiðni sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, öll gripahús að Heynesi, heilbrigði, fóðrun og hirðingu gripanna svo og meðferð mjaltækja o. fl.

2. Þann 10. apríl 1962 skoðaði ég aftur áðurnefnda hluti og aðstæður að Heynesi samkvæmt eigin kæru og beiðni sýslumanns.

3. Þann 6. febrúar 1963 skoðaði yfirdýralæknir ásamt mér og samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu umrætt ástand og hluti að Heynesi.

4. Þann 16. desember 1963 er aftur skoðað vegna kæru minnar og beiðni sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. Þann 14. febrúar 1964 er enn skoðað og ástand svipað og áður.

6. Þann 9. maí 1968 lokaði ég fjósinu, og mjólkursala úr því var samtímis stöðvuð.

Síðar var honum (þ. e. ákærða) veitt undanþága til þess að selja mjólk til 1. ágúst sama ár, og eftir þann tíma hefur verið seld mjólk úr fjósinu, þótt ástand fjóssins, hirðing og fóðrun gripa o. fl. hafi verið óviðunandi.

Júgurbólga í kúnum að Heynesi hefur oftast verið vandamál.

Nú er svo komið, að Mjólkursamsalan í Reykjavík hefur hætt að taka mjólk frá Heynesi, og ekki að ástæðulausu.

Ábúandanum að Heynesi, Halldóri Kristjánssyni, hefur margsinnis verið veittur frestur til þess að bæta gripahús sín, fóðrun og meðferð gripanna, hreinlæti og meðferð mjólkur o. fl. o. fl., en ávallt brugðist trausti þeirra manna, sem hafa viljað leiðbeina og hjálpa honum“.

Í bréfi frá Mjólkursamsölunni til Odds Rúnars Hjartarsonar, dags. 6. maí 1972, undirrituðu af Guðbrandi Hlíðar dýralækni, segir svo um flokkun mjólkur frá ákærða:

„Það hefir dregist nokkuð að senda þér upplýsingar um flokkun

mjólkur frá Halldóri Kristjánssyni, Heynesi, en það þurfti að leita að flokkunarbók fyrra árs.

Árið 1971 flokkaðist mjólk hans 35 sinnum í úrvalsflokk, 5 sinnum í fyrsta flokk, 7 sinnum í annan flokk og einu sinni í fjórða flokk. Flokkun mjólkur frá honum það sem af er þessu ári: 8 sinnum í úrvalsflokk, einu sinni í fyrsta flokk, einu sinni í annan flokk og fjórum sinnum í fjórða flokk.

Við megum ekki taka við og vinna lakari mjólk en í öðrum flokki. Hvað viðvíkur flokkun mjólkur, þá hefir það komið í ljós, að flokkunaraðferðin, sem við höfum alltaf notað, og er lit-próf samkv. aðferð Barthels & Orla Jensen, nær engan veginn tilgangi sínum þar, sem heimilistankar eru notaðir.

Ástæðan er sú, að mjólkin kælist í tönkunum niður í 3 gráður C, og við það verða gerlar í mjólkinni fyrir kuldalosti — á meðan á því stendur stöðvast æxlun og efnaskipti gerlanna því sem nær alveg. Það tekur um 18 klukkustundir að yfirvinna lostið, og er það gert með því að setja mjólkursýni í vatnsbað við 12 gráður C í 18 klst, og síðan er flokkað.

Þessi aðferð hefir ekki verið upptekin hér, en aftur á móti á öllum hinum Norðurlöndunum.

Því má segja, að furðulegt er, ef mjólk úr heimilistank fer í annan flokk, hvað þá enn lakari flokk, eins og hjá Halldóri, nú fjórum sinnum í fjórða flokk.

Megin ástæðan til þess, að við viljum ekki taka lengur við mjólk frá þessum framleiðanda er, að fjós hans og mjólkurhús, ásamt hirðu kúa og hreinlæti við mjaltir og hreinsun mjaltatækja og tanks, uppfyllir ekki þær kröfur, sem settar eru mjólkurframleiðendum, sem vilja selja mjólk (sbr. reglugerð um mjólk og mjólkurvörur), og kýr hans eru mjög smitaðar með jógurbólgu, en mjólk úr slíkum kúm er ósöluhæf. Ástand þetta hefir verið svona um árabil, og Halldór hefir fengið margar aðvaranir og hótanir um, að mjólk verði ekki keypt frá honum, nema úrbætur verði gerðar, en það hefir hann ekki getað gert. Það er óverjandi að taka slíka mjólk og blanda í aðra mjólk í bíltanki, því við það mun mjólkin öll vera í hættu að spillast. Ég veit, að þér, sem framkvæmið fjósa- og kúaskoðun, þekkið þetta ástand til hlítar og eruð sammála.

Hér duga engar málamiðlanir góðra manna, heldur er hér um brýna nauðsyn að ræða, og verður þetta ástand ekki þolað lengur“.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ritaði Mjólkursam-sölnunni í Reykjavík bréf, dags. 4. maí 1972. Er bréf þetta svo-hljóðandi:

„Þar sem bönnuð hefur verið sala mjólkur frá bænum Heynesi í Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu, er hér með fyrir yður lagt að veita ekki móttöku mjólk frá þessum bæ nema samkvæmt heimild héðan“.

Hinn 23. apríl 1972 framkvæmdu forðagæslumenn í Innra-Akraneshreppi, þeir Benedikt Haraldsson, Eystri-Reyni, og Björn Ellertsson, Akrakoti, skoðun á skepnum og heyi að Heynesi. Segir svo um þetta í vottorði þeirra, sem er dags. 25. sama mánaðar:

„Kýr eru illa fódraðar, óhreinar og sjálfbrynning í ólagi. Geml-ingar voru vanfódraðir. Annað sauðfé var úti og hefur ekki verið skoðað. Fjárhús ónothæf. Við mælingu reyndist heyforði lítill“.

Með ákvörðun heilbrigðisnefndar Innra-Akraneshrepps 22. júlí 1972 var afnumið til reynslu bann við mjólkurmóttöku frá Heynesi. Ákvörðunin, sem undirrituð er af Þórði Oddssyni héraðslækni f. h. heilbrigðisnefndarinnar, er á þessa leið:

„Samkvæmt þriðju skoðun á öllum aðstæðum til framleiðslu mjólkur á bænum Heynesi í Innra-Akraneshreppi, sem fram fór í gærðag, telst, að aðstæður hafi það batnað, að séu tilkvaddir tveir aðilar, dýralæknir og valinkunnur bóndi, sem báðir samþykkja móttöku mjólkur frá nefndum bæ, skal til reynslu upp-hafið bann það á mjólkurmóttöku, sem undanfarið hefur gilt um bæinn Heynes“.

Þá liggur fyrir í málinu svohljóðandi bréf frá Oddi Rúnari Hjartarsyni til Guðbrands Hlíðar dýralæknis, þá staðgengils yfir-dýralæknis, dags. 8. ágúst 1972:

„Samkvæmt beiðni þinni hef ég skoðað fjós Halldórs bónda Kristjánssonar að Heynesi. Umhverfi þess og aðstæður til mjólk-urframleiðslu hef ég einnig kynnt mér að nokkru.

Ég vil taka það mjög skýrt fram strax, að sumartími er að mínú álitu óhæfur til fjósaskoðunar eins og ber að framkvæma hana samkvæmt lögum.

Einnig vil ég taka það fram, að ég skoðaði hvorki nautgripina að Heynesi né jógurhreysti þeirra. Þó var ein undantekning. Bóndinn bað mig að líta á lasna kú. Var hún með doðaslen, jógur-bólgu (kroniska) í þrem jógurfjórðungum. Einn speninn var lok-aður og annar með sári eftir spenastig. Kýrin var nýbæra.

Það er mín skoðun, ef rannsaka þurfi jógurhreysti kúnna að

Heynesi, þá þurfi að senda þangað tæknimann Mjólkursamsölunnar til þess að taka spenaprufur úr öllum kúnum til gerlarannsóknar.

Að mínu áliti hefur engin stórvægileg breyting orðið á umgengni bóndans að Heynesi. Enn þá er sama draslið í kringum íbúðarhúsið og fjósið. Ómokað er út úr haugstæði, mjólkurtankur er enn þá vanþrífinn, drasl er enn þá í mjólkurhúsi, þótt málað hafi verið yfir vegg þess einu sinni. Spýtnadrasl er enn þá í fóðurgangi, og hvorki hafa fóðurgangar né kálfabásar verið þrífir það vel, að þeir hafi þornað alveg.

En með sanni má segja, að þurrkur undanfarna daga hefur þurrkað mikið þá kúamykju í fjósinu (í básum og á stétt), sem venjulegast er þar til staðar.

Einnig hefur bóndinn reynt að kalka fjósveggina upp að neðri brún glugga, en allsendis ófullnægjandi.

Vesturgafli fjóssins er enn þá bráðabirgðagafli.

Reyndar hefur hann mokað haugnum frá fjósdýrunum burtu. Ef hann hefði ekki gert það, þá hefðu kýrnar ekki komist út í sumar.

Það er skoðun mín, að það sé tíðarfarsbreytingin og ártíðin, sem mestu veldur um þær smávægilegu breytingar, sem orðið hafa í Heynesfjósinu.

Eftir að hafa haft eftirlit með Heynesfjósinu í 12½ ár, get ég alls ekki fundið neina breytingu á hugarfari bóndans til betri meðferðar kúa sinna, mjólkur og mjaltatækja, og betri umgengni í fjósinu að Heynesi og utan þess.

Að framanskráðu og athuguðu máli hefur sú skoðun mín ekki breyst, að umræddur bóndi sé alls ófær um að umgangast mjólkurkúr og mjaltatæki og að framleiða hreina og heilbrigða mjólk.

Í bréfi, dagsettu 7. desember 1972, frá Búnaðarfélagi Íslands, undirrituðu af Gísla Kristjánssyni, til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu segir á þessa leið:

„Forðagæzla Búnaðarfélags Íslands hefur meðtekið skýrslu forðagæzlumanna í Innra-Akraneshreppi, vel og skilmerkilega útfyllta, og höfum vér í engu að kvarta yfir starfi þeirra.

Skýrslan ber það með sér, að yfrið nóg fóður er í hreppnum nema hjá einum búfjáreiganda, Halldóri Kristjánssyni í Heynesi. Þar hafa forðagæzlumenn ekki treyst sér til að meta að neinu vetrarfóður, sem hann kann að hafa, en hann hefur þó um 20 gripi í fjósi, yfir 50 fjár og 14 hross samkvæmt nefndri skýrslu.

Vér höfum rætt við oddvita sveitarstjórnar viðvíkjandi þessu

viðhorfi, og tjáði hann (Guðmundur Jónsson), að sveitarstjórnin hafi litið á mál þetta, en treysti sér ekki til að taka það til meðferðar, og kvað oddvitinn, að sýslumanni hafi þegar verið gert aðvart um viðhorfið á umræddu búi.

Ástæður og ásetningsmál hjá nefndum bónda hafa fyrr valdið nokkrum vanda, en varla hefur áður verið um að ræða svo slæmar horfur og nú blasa við.

Með tilvísun til reglugerðar við búfjárræktarlögin frá 1965, 75. gr. reglugerðarinnar, mun sveitarstjórn Innra-Akraneshrepps hafa tjáð yður, herra sýslumaður, að úr vanda þeim, er hér um ræðir, hljóti að verða í hendi yfirvalds að leiða til betri vegar. Frá hálfu Forðagæslu Búnaðarfélags Íslands skal hér með tjáð, að vér mælumst eindregið til þess, að undinn verði bráður bugur að úrlausnum á þann hátt, að atferli bóndans varði hvorki við lög um dýraverndun né lög um búfjárrækt, og felum hér með sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu framgang mála, er þar að lúta“.

Hinn 30. mars 1973 framkvæmdu Ásgeir Pétursson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og Oddur Rúnar Hjartarson skoðun að Heynesi. Segir svo um skoðun þessa í skýrslu sýslumanns:

„Í samræmi við ákvæði 13. gr. 1. nr. 21 1957 um dýravernd hef ég undirritaður haft eftirlit með búskaparháttum ábúandans í Heynesi, Halldórs Kristjánssonar (Innra-Akraneshreppi, Borgarfjarðars.) á allmörgum undanfórnum árum. Hef ég tvívegis orðið að láta taka bústofn af bónda þessum og koma honum fyrir á öðrum bæjum vegna vanfóðrunar, sóðaskapar og af aðbúnaði, sem vissulega hefur verið kvalræði fyrir dýrin.

Í skjölum máls þessa sést, hvernig og hvenær afskipti mín af bónda þessum hafa borið að, og er ekki ástæða til að rekja það allt, þar sem það sést á öðrum stöðum í málinu, en um alla meðferð málsins hef ég haft samráð við héraðsdýralækninn í Borgarfjarðarsýslu, forðagæslumenn viðkomandi hrepps, hreppstjóra og oddvita sveitarfélagsins, auk þess fékk ég Guðmund Pétursson búnaðarráðunaut um skeið til þess að hafa eftirlit með búskap Halldórs Kristjánssonar í Heynesi, og annaðist hann það eftirlit á vegum embættisins.

Á þessum vetri hef ég auk þess fengið tilmæli frá Búnaðarfélagi Íslands um að láta fylgjast með búskaparháttum í Heynesi, sbr. bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 7/12 1972, málsskjal nr. I.

Föstudaginn 30. mars s.l. fór ég á staðinn til rannsóknar. Ekki verður hjá því komist að greina frá því, að hið fyrsta, er vekur

furðu og raunar óhugnað við aðkomuna í Heynesi, er hin svívirðilega umgengni á bænum (sjá ljósmyndir, er fylgja með í máli þessu). Sum húsín, svo sem einkum fjárhúsin, hanga uppi, að því er virðist á hliðarstífum, og blása vindar og veður gegnum þessi kofaræksni. Er augljóst mál, að ef hús þessi fykju í óveðri ofan á dýr, sem þar væru inni, gæti af því hlotist lemstrun og meiðsl dýranna. Umhverfis íbúðarhúsið eru hinir ótrúlegustu ruslahaugar. Er greinilegt, að bóndinn leggur í það fyrirhöfn og ástundar þá iðju að draga hvers kyns reka-rusl, sem drífur á fjörur neðan vert við bæinn. Er sú sjón öll með þeim ólíkindum, að ætla mætti, að atómsprengja hefði fallið á staðinn. Austanvert við íbúðarhúsið gapir heyllöðugarmur, þar sem talsvert af bárujárninu hefur annað hvort fokið á brott eða verið rifið, nema að hvort tveggja sé. Í botni tóftarinnar gat, föstudaginn 30. f. m. að líta ónýtan heyrudda, en engin nothæf hey voru sjáanleg í húsum. Hins vegar skal þess getið, að svolítið hey var í vagni framan við fjósdyrnar, en fjósið er hins vegar nýlegt og sennilega núna hin sæmilegasta bygging, ef sómasamleg umgengni væri þar.

Þennan dag, föstudaginn 30. mars s.l., skoðaði ég m. a. fjósið og ástandið þar inni ásamt fulltrúa mínum, Gísla Kjartanssyni, og Oddi R. Hjartarsyni dýralækni. Fól ég héraðsdýralækninum að skoða alla gripina, sem inni voru, sem voru kýr, geldneyti og kálfar, og láta í ljós álit sitt á ástandi gripanna. (Sjá skýrslu dýralæknisins).

Sem leikmaður skoðaði ég fjósið og gripina, og verð ég að segja, að mjög væri sá maður glámskyggn á þrifnaðarhætti, útlit og líðan dýra, sem ekki hefði, án aðstoðar sérfræðinga, séð, að flest voru dýrin kvalin af vanfóðrun, sum jafnvel hreinlega af hor, og nokkrir nautgripirnir voru illa brunnir á kviði af þvagi. Að lokinni athuguninni tilkvaddi ég forðagæslumenn hreppsins og fól þeim að kanna, hvaða fóðurbirgðir væru fyrir hendi á búinu. Vísast til skýrslu þeirra um það í máli þessu.

Ég lagði fyrir bóndann að ráða þegar í stað bót á forðaskorti og þrifa fjósið. Ef hann gerði það ekki þegar í stað, mundu verða gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að bæta úr þessum hlutum til bráðabirgða, þar til endanleg ákvörðun yrði tekin, sem yrði mjög bráðlega, um það, hvort bústofninn yrði skorinn niður, eitthvað af honum eða hann allur, eða það af honum flutt á brott, sem líkur teldust á, að gæti lifað. Þess skal hinsvegar getið, að öll mjólkursala frá þessum bæ var bönnuð í fyrra, og stendur enn við það.

Bóndinn brást hið versta við þessum áminningum og viðvörðunum. Svaraði hann með illyrðum og útúrsnúningum, sem ég hirði ekki um að hafa eftir.

Þá kvaðst hann hafa samráð við lögmann sinn, Stefán Sigurðsson, hdl., Akranesi, og hefur lögmaðurinn haft samband við embættið.

Hér skal það tekið fram, að fylgst verður með því, að dýrin verði ekki kvalin, þar til endanleg ákvörðun um meðferð þeirra hefur verið tekin.

II.

Í 18. gr. dýraverndunarlaganna er frá því greint, hvernig að skuli farið, ef maður hefur gerst sekur um brot á lögnum. Segir þar m. a. frá því, að unnt sé að svipta hann heimild til þess að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum. Í viðtölum mínum við forráðamenn hreppsins, forðagæslumenn og héraðsdýralækni, virðist mér skilningur þeirra á nefndu ákvæði eigi skýlaust við bóndann í Heynesi“.

Oddur Rúnar Hjartarson hefur gefið skýrslu í dómi um skoðun þessa. Skýrir vitnið frá því, að fjósið sjálft hafi verið viðunandi, en umgengni slæm og umhverfi sömuleiðis. Í fjósinu voru 14 kálfar, allir vanfóðraðir, ein kvíga horfóðruð, 8 mjólkurkýr, allar vanfóðraðar, og ein var horfóðruð. Sumar kúnna voru lúsugar, og ein var hárlaus á vinstri síðu og kviði. Allar kýrnar voru með flórklepra á lærum og kviði. Ómokað var undan kálfunum í sunnanverðu fjósinu, og lágu sumir á breiðum planku, sem lá þvert yfir nokkra bása. Básar kálfanna voru blautir og talsverð mykja í þeim. Hænsnin voru í fjósinu og fóðurgangar fullir af heyrudda og drasli. Loftræsting og birta var góð. Mjólkurtankur var í mjólkurhúsi, en þar voru hænsnin, fóðurbætispokar og drasl. Mjólkurtankurinn var óhreinur utan.

Hey í hlöðu var sáralítið og lélegt. Á hlaðinu stóð hestvagn með um tveim hestburðum.

Fjárhús og hlaða héldu hvorki vatni né vindi, og voru grindur og garðar þar meira og minna brotið. Mikil bleyta var í fjárhúsi, og sukku ærnar í taðið upp að framhnjám.

Allt féð var vanfóðrað, en vitnið kveður hafa mátt koma í veg fyrir horfelli með góðri fóðrun. Engar teljandi heybirgðir voru í fjárhúshlöðu.

Vitnið kveðst hafa séð hross að Heynesi, tilsýndar, en aldrei skoðað þau.

Loks skoðaði Oddur Rúnar Hjartarson gripi og gripahús að Heynesi 2. apríl á sl. ári. Segir svo um skoðunina í skýrslu hans til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 18. sama mánaðar:

„Fóðrun nautgripanna var léleg, þó var ekki um horfóðrun að ræða.

Hirðing mjólkurkúnna var léleg, en þó ýfið betri en oft áður. Lús fannst á nautgripunum.

Kálfar og geldneyti voru illa hirt. Þau voru með flórklepra á lærum og kviði.

Básar þeirra voru flestir blautir og óhreinir. Básar mjólkurkúnna, næst heyhlöðu, voru forugir og blautir (öfugur vatnshalli á básum), þar sem ábúandinn viðheldur þeim upptekna hætti að láta vatn renna úr slöngu á rimlana í flórnum til þess að „moka“ hann.

Vatnið rennur síðan niður í haughúsið, en það er næstum fullt og hefur ekki verið tæmt í mörg ár.

Mest af þeirri mykju, sem ekki er fjarlægð með vatnsrennsli, er mokað af rimlaflórnum í haug úti fyrir öðrum dyrum fjóssins.

Ekki er unnt að ganga um þær vegna haugsins.

Öll umgengni ábúandans innan húss sem utan er afar slæm.

Fjós og fjárhúshlaða halda hvorki vatni né vindi, en talsvert heymagn virðist vera í þeim.

Fjárhúsin eru hriplek og taðið þar af leiðandi mjög blautt í þeim.

Holdafar gemlinganna var rýrt, en ekki voru þeir horfóðraðir.

Holdafar eldri fjárins var ekki kannað, sökum þess að það var á beit“.

Oddur Rúnar Hjartarson hefur mætt í dómi og staðfest allar framangreindar skýrslur um skoðanir sínar að Heynesi. Í framburði sínum tók vitnið fram, að eigi sé sama, á hvaða tíma skoðun fari fram. Eðlilegasti tíminn til að kanna hvort um horfóðrun hafi verið að ræða, sé seinni part vetrar eða í byrjun vors. Eins og skoðunargerðirnar bera með sér, hefur framangreint ástand á búi ákærða verið áþekkt í hvert skipti sem skoðanir fóru fram. Síðasta skoðun fór fram hjá ákærða 2. apríl sl., og gerði vitnið skýrsluna á dskj. nr. B 13 um þá skoðun. Mjólkursala frá ákærða var stöðvuð 3. maí á árinu 1972, og er svo enn. Af því, sem að framan greinir, kveðst vitnið líta svo á, að ákærði sé algerlega óhæfur að hirða og fóðra búfé.

Páll Agnar Pálsson yfirdýralæknir hefur mætt í dómi og staðfest framangreinda skýrslu sína, dags. 8. febrúar 1963.

Vitnið Guðmundur Sigurður Thorgrímson, Innra-Hólmi, var oddviti í Innra-Akraneshreppi frá 1951—1974. Vitnið skýrir frá því, að í oddvitatíð þess hafi margsinnis borist til þess kvartanir um lélega hirðingu og fóðrun á búpeningi að Heynesi. Haustið 1972 hafi Benedikt Haraldsson og Björn Ellertsson forðagæslumenn tilkynnt sér, að þeir treystu sér ekki til að mæla þær heybirgðir, sem voru fyrir hendi að Heynesi, þær hafi verið svo litlar og lélegar. Hreppsnefndin tilkynnti sýslumanni um þetta. Vitnið kom sjálft einungis einu sinni að Heynesi fyrir mörgum árum. Vitnið heyrði, að ástandið væri þannig að Heynesi vorið 1973, að nauðsyn bæri til, að eitthvað yrði gert.

Vitnið kveðst hafa hitt verjanda ákærða sumarið 1972. Fór verjandinn þess á leit við vitnið, að það tæki að sér starfa þann, er í vottorði Þórðar Oddssonar héraðslæknis greinir. Vitnið vildi ekki sjálft taka að sér starfið, en hreppsnefnd Innra-Akraneshrepps kom sér saman um, að héraðslæknirinn yrði fenginn til þess að takast það á hendur f. h. heilbrigðisnefndar.

Vitnið Benedikt Haraldsson bóndi, Vestri-Reyni, hefur verið forðagæslumaður í Innra-Akraneshreppi sl. 4 ár. Næstu 4 ár þar á undan gegndi það ekki starfanum, en þar áður hafði það verið forðagæslumaður í 10—12 ár.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi ásamt Þorgrími Jónssyni, Kúludagsá, er einnig var forðagæslumaður, farið að Heynesi að beiðni oddvita hreppsins 17. apríl 1962 til að kanna þar fóðrun á fénaði. Gáfu vitnið og Þorgrímur skýrslu um skoðunina, dagsetta 18. apríl s. á. Vitnið kveðst ekki geta annað nú, vegna þess hve langt sé um liðið, en vísa til þessarar skýrslu, sem það kveðst staðfesta í öllum atriðum.

Þá skýrir vitnið frá því, að það hafi sem forðagæslumaður framkvæmt skoðun á skepnum og heyi í Heynesi ásamt Birni Ellertssyni 23. apríl 1972. Kom fram við þá skoðun, að kýr voru illa fóðraðar, óhreinar og sjálfbrynning í ólagi. Gemlingar, er voru í fjárhúsi, voru vanfóðraðir, en annað sauðfé var úti, og fór skoðun ekki fram á því. Fjárhús voru að sögn vitnisins ónothæf. Við mælingu reyndist heyforði of lítill. Vitnið staðfesti vottorð sitt varðandi framangreinda skoðun.

Vitnið fór ásamt Birni Ellertssyni í lok október 1972 að Heynesi til að skoða heybirgðir. Leiddi sú skoðun í ljós, að heybirgðir voru litlar sem engar, og það, sem til var af heyi, var meira og minna

skemmt. Treystu forðagæslumenn sér ekki til að leggja mat á það hey, sem fyrir var.

Hinn 30. mars 1973 fór vitnið ásamt sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og fleirum að Heynesi til skoðunar. Var þá ekkert hey til þar nema smáslatti á heyvagni og lélegt hey í hlöðu til tveggja til þriggja daga. Vitnið sá nautgripi, og voru þeir greinilega vanfóðraðir. Vitnið skoðaði einnig sauðfé. Var það aflagt, en ekki horað. Vitnið kveðst halda, að sauðfé að Heynesi sé sjaldan hýst, en fjárhús þar eru algerlega ónothæf til að hýsa skepnur.

Að lokum skýrir vitnið frá því, að heyforði að Heynesi hafi verið lítill öll þau ár, sem það hefur verið forðagæslumaður, og fóðrun búpenings alltaf verið léleg.

Þá skýrir vitnið frá því, að það hafi haustið 1972 tilkynnt oddvita Innra-Akraneshrepps, að heybirgðir væru það litlar eða lélegar að Heynesi, að þær væru ekki mælanlegar. Ákærði, Halldór Sveinbjörn, skýrði forðagæslumönnum frá því, að hann ætti von á heyi frá Melum í Melasveit, en eigi tilgreindi hann, um hve mikið magn væri að ræða.

Kýr að Heynesi gengu ekki úti framangreindan vetur að sögn vitnisins.

Vitnið Þorgrímur Jónsson bóndi, Kúludagsá, var forðagæslumaður í Innra-Akraneshreppi árið 1962. Hinn 17. apríl þ. á. framkvæmdi vitnið athugun á fóðrun fénaðar að Heynesi samkvæmt beiðni oddvita hreppsins. Vegna þess hve langt er um liðið, kveðst vitnið ekki geta annað en vísað til skýrslu þeirrar, er það gaf ásamt Benedikt Haraldssyni um skoðun þessa. Kveðst það staðfesta hana í öllum atriðum.

Vitnið Björn Ellertsson, bóndi í Akarakoti, var forðagæslumaður í Innra-Akraneshreppi árið 1972. Vitnið framkvæmdi ásamt Benedikt Haraldssyni skoðun á skepnum og heyi að Heynesi 23. apríl það ár. Við skoðunina kom fram, að kýr voru illa fóðraðar, óhreinar og sjálfbrynning í ólagi. Gemlingar, er voru í fjárhúsi, voru vanfóðraðir. Annað sauðfé var úti, og var það ekki skoðað. Fjárhús voru ónothæf. Við mælingu reyndist heyforði of lítill.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi í október 1972 farið að Heynesi ásamt Benedikt Haraldssyni til að skoða þar heybirgðir. Heybirgðir voru þar litlar að sögn vitnisins.

Forðagæslumenn treystu sér ekki til að leggja mat á það hey, sem fyrir var, að vitnið minnir.

Vitnið Sigurjón Guðmundsson, bóndi á Kirkjubóli, Innra-Akraneshreppi, var forðagæslumaður í hreppnum frá 1966—1970 ásamt Sigurði Brynjólfssyni, Gerði. Forðagæslumennirnir komu á alla bæi í hreppnum tvisvar sinnum hvern vetur, þar á meðal að Heynesi. Vitnið kveður þá ekki hafa séð ástæðu til aðfinnslu á fóðrun og umhirðu á búpeningi hjá ákærða, Halldóri Sveinbirni, þann tíma, sem það var forðagæslumaður. Hvernig ástandið hafi verið fyrir og eftir þann tíma, getur vitnið ekki borið um. Vitnið kveðst ekkert geta staðhæft um hliðarstífur á göflum fjárhúss að Heynesi. Fjárhúsið var að áliti vitnisins á mörkum þess að vera nothæft árið 1970.

Vitnið Geir Guðlaugsson, bóndi að Kjaransstöðum, sem er næsti bær við Heynes, hefur skýrt frá því, að það hafi fyrir nokkuð mörgum árum tekið við kvígum í fóðrun frá ákærða, Halldóri Sveinbirni. Vitnið man ekki, hvaða ár þetta var, en það var að vetrarlagi nokkru eftir áramót. Gerði vitnið þetta að beiðni Péturs heitins Ottesens. Kvígurnar voru 6 eða 7 að tölu. Kvígurnar voru í skúr hjá fjárhúsinu að Heynesi. Þær voru sumar mjög horaðar og illa á sig komnar. Drapst ein þeirra, skömmu eftir að hún kom til vitnisins. Vitnið hafði kvígurnar á fóðrum fyrir ákærða fram á vor.

Vitnið skýrir frá því, að kvíga sú, er drapst hjá því, hafi verið vannærð. Vitnið kveðst ekkert geta um það sagt, hvort hún hafi verið með súrdoða, en minnir, að henni hafi verið gefin einhver lyf til að auka lyst hjá henni. Haft var á orði, að kvígan gæti verið með súrdoða, en um það vill vitnið ekki fullyrða. Kvígan fékk súrdoðaskammta.

Þá skýrir vitnið frá því, að sauðfé að Heynesi hafi gengið úti að mestu leyti veturinn 1972—73. Sumarið áður varð vitnið lítið vart við heyskaparstörf að Heynesi, enda er bóndinn, ákærði Halldór Sveinbjörn, tækjalítill. Miðar vitnið þá við þann heyskap, sem tíðkast hjá bændum í Innra-Akraneshreppi. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði fengi sent hey veturinn 1972—73, nema þá um mánaðamótin mars—apríl 1973, en þó geti það verið.

Vitnið kveður vetrarheit, og er þá átt við bæði fjöru- og úthagabeit, fyrir sauðfé að Heynesi vera með því besta, sem gerist þar í hreppi.

Vitnið Jón Ottesen, Ytra-Hólmi, hreppstjóri í Innra-Akraneshreppi, hefur skýrt frá því, að það hafi farið með sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Oddi Rúnari Hjartarsyni héraðs-

dýralækni að Heynesi 30. mars 1973. Ferðin var farin til að kanna ástand á búpeningi hjá Halldóri Sveinbirni, ákærða í máli þessu.

Vitnið kveðst álíta, að allir nautgripir í fjósi hafi verið vanfóðraðir og sumir horaðir. Umgengni í fjósi var mjög sóðaleg, og stóðu kálfar í mykju og bleytu á básunum.

Í hlöðu sá vitnið ekki neitt hey að heitið getur, og var hlaðan í því ástandi, að hún hélt hvorki vatni né vindi.

Um ástand sauðfjár kveður vitnið það að segja, að engin kind hafi verið beint horuð, en allmargar þeirra aflagðar. Fjárhús voru ónothæf vegna niðurníðslu.

Hross voru úti. Kveðst vitnið ekki hafa litið á þau, en telur, að þau hafi verið í lagi.

Vitnið hefur ekki komið í gripahús að Heynesi síðan og veit ekki, hvernig ástandið er þar.

Ákærði, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, hefur ekki viljað viðurkenna að hafa vanhirt og vanfóðrað búfénað sinn, eins og honum er gefið að sök í ákæru.

Ákærði hefur skýrt frá því, að því er kýrnar varðar, að gamla fjósið hjá sér hafi verið lélegt og kýrnar óhreinar. Hins vegar hafi þær hvorki verið vanfóðraðar né hlandbrunnar. Ákærði kveður geta verið, að kýrnar hafi verið lúsugar. Um miðjan apríl 1972 var mjólkursala frá ákærða stöðvuð, og stendur það enn. Var það af þeim sökum, að mjólkin hafði flokkast illa vegna kælingar. Voru tvær prufur teknar af sömu mjólkinni, sem ákærði var ekki búinn að fjarlægja úr mjólkurtankinum. Mjólkinn hafði heldur ekki flokkast vel sumarið áður vegna breytinga á sjálfvirkum hitastilli á mjólkurtanki. Ákærði kveður umgengni í fjósi e. t. v. hafa getað verið betri hjá sér, en hann hafi þrifið frá kúnum, eins og honum þótti þörf á.

Ákærði kveðst ekki geta séð, að búfénaður hjá sér hafi sætt illri aðbúð og umhirðu vorið 1973, og þó hafi sumt af skepnunum ekki verið í eins góðu standi og hann hefði kosið.

Ákærði kveðst ekki líta þannig á, að kýrnar hafi verið vanfóðraðar. Kýr sú, sem talað er um, að hafi verið horfóðruð, hafði verið veik lengi, og kvígan, sem talið er, að hafi verið fengin, var það ekki, en eitthvað var að henni. Kýrin, sem sögð er hafa verið hárlaus á vinstri síðu, var það á blettum, og hún var lúsug og óhrein á kviðnum. Sumir kálfarnir voru með flórklepra á lærum og kviði, en kýrnar voru nokkurn veginn hreinar.

Ákærði kveðst mótmæla því, að fjárhúsin hjá sér hafi hvorki

haldið vatni né vindum, og engar hlífðarstífur voru til að halda þeim uppi. Nokkrar gamlar ær voru þunnar að sögn ákærða, en hann kveðst ekki telja, að þær hafi verið vanfóðraðar.

Hross ákærða hafa gengið úti og er aðeins gefið, ef þörf ef á. Hafa hrossin lítið verið á húsi seinni árin.

Ákærði kveðst hafa átt litlar heybirgðir haustið 1972 og hafi orsökina aðallega verið bilun á tækjum og óhagstæð tíð. Ákærði veit ekki, hve heybirgðirnar voru miklar, en sumt af heyinu var lélegt. Forðagæslumenn, sem komu til að skoða hjá ákærða, gerðu ekki aðrar athugasemdir í viðtali við hann en þær, að heyin væru lítil. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að hann hafi haft loforð fyrir heyjum frá Melum í Melasveit og Eystri-Reyni í Innra-Akraneshreppi.

Ákærða var kynnt það, sem fram er komið um heyfeng hjá honum undanfarin ár. Hann vill ekki viðurkenna, að hey hafi verið lítil og léleg hjá sér, nema haustið 1969. Ákærði gaf kúnum eingöngu hey, nema einni, er var veik. Hún fékk fóðurbæti. Orsök þess, að ákærði gaf kúnum ekki fóðurbæti, var sú, að hann hafði ekki ráð á að kaupa hann, enda var þá búið að leggja bann við mjólkursölu frá honum. Ákærði gaf kindunum fóðurbæti.

Ákærði kveðst telja, að hlaðan hjá sér hafi algerlega haldið vatni, að undanskildu því, að ein 3ja feta járnplata hafi fokið upp við kjölinn. Ákærði telur, að hlaðan hafi getað gegnt hlutverki sínu.

Ákærði hafði ekki stungið út úr fjárhúsunum, en hann var að grípa í að dytta að húsunum, um það leyti sem skoðunin fór fram. Ákærði fóðraði sauðfé eins og hann taldi þurfa.

Ákærði var viðstaddur skoðunina, er fór fram hjá honum 30. mars 1973. Hann kveður dýralækni hafa tekið á kindunum til að skoða holdafar þeirra, en á hve mörgum, veit hann ekki. Ákærði varð ekki var við, að neitt væri lítið á hrossin, en þau voru úti um þetta leyti.

Ákærði hefur byggt nýtt fjós, og var það tekið í notkun veturinn 1967. Það var þó ekki fullfrágengið. Snemma vors 1968 stöðvaði héraðsdýralæknir mjólkursölu frá ákærða af þeim sökum, en féllst síðar á að leyfa ákærða mjólkursölu fyrir tilmæli yfirdýralæknis. Mjólkursala var svo alveg stöðvuð frá ákærða árið 1972, eins og áður greinir.

Ákærði tók fram varðandi framburð Geirs Guðlaugssonar, að komið hafi verið fram yfir sumarmál, er Geir tók kvígurnar í fóður af honum. Var þetta gert samkvæmt ábendingu forðagæslu-

manna að beiðni Péturs Ottesens, og var ástæðan sú, að ákærði hafði lélegt hús fyrir kvígurnar. Kvígurnar litu illa út, en eigi vill ákærði álíta, að þær hafi verið horaðar.

Kvíga sú, sem drapst, var með súrdoða að álitu Geirs. Var henni gefið lyf, en það dugði ekki, og drapst hún, nokkru eftir að hún kom til Geirs.

Nokkur vitni voru yfirheyrð að beiðni skipaðs verjanda ákærða. Verða nú framburðir þeirra raktir.

Vitnið Gísli Þórðarson baðvörður, Efstasundi 92 hér í borg, hefur skýrt frá því, að föstudaginn 8. febrúar 1963 hafi birst í Albýðublaðinu grein með fyrirsögninni: „Skepnuníðsla rannsökuð í Borgarfirði“. Var í grein þessari skýrt frá því, að bóndinn í Heynesi, sem var ákærði, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, færi illa með skepnur sínar. Sagði enn fremur í greininni, að aðkoman hefði verið hörmuleg og allar skepnur mjög illa farnar. Vitnið þekkti ákærða, Halldór Sveinbjörn, og fór að Heynesi daginn eftir og sýndi honum blaðgreinina. Í ferð þessari leit vitnið á útihús og búpening hjá ákærða. Dagana áður hafði gert norð-austan rok. Höfðu orðið allmiklar skemmdir á fjósi og fjárhlöðu. Var ákærði búinn að fá smíð til að lagfæra þetta, en hann var ekki kominn ennþá. Var ákærði sjálfur að dytta að húsunum, er vitnið kom til hans. Vitnið leit á kýr í fjósi hjá ákærða. Voru þær í meðalholdum, og hross, er voru úti við, virtust vera í góðu lagi. Vitnið tekur fram, að það sé alið upp í sveit og þekki vel til skepnuhirðingar.

Þriðjudaginn 3. apríl 1973 birtist í Albýðublaðinu grein með fyrirsögninni: „Úrskurðaði bónda óhæfan til að annast skepnur“. Er í grein þessari m. a. sagt frá viðtali við Ásgeir Pétursson, sýslumann Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi, 2—3 dögum eftir að greinin birtist, farið að Heynesi til ákærða, Halldórs Sveinbjörns. Voru þá kýr ákærða komnar í nýtt fjós. Vitnið leit á kýrnar og kveður þær hafa verið í sæmilegum holdum og sumar ágætær, nema tvær, er voru eitthvað veikar. Einnig skoðaði vitnið kindurnar hjá ákærða. Voru þær í ágætu standi að undanskildum nokkrum, er voru greinilega miklar mjólkurær og verða aldrei feitar. Vitnið skoðaði hrossin í haganum, og voru þau í góðu lagi. Ákærði átti litlar heybirgðir, en hann sagðist geta fengið nóg hey frá Melum og Eystri-Reyni.

Vitnið kveðst hafa komið öðru hverju á undanförunum árum

í heimsókn til ákærða að Heynesi. Hefur ástand búpenings alltaf verið þar í lagi.

Vitnið Gunnar Jón Sigtryggsson húsasmíðameistari, Bjarmalandi 12, Sandgerði, hefur skýrt frá því, að það hafi séð í Alþýðublaðinu 8. febrúar 1963 grein með fyrirsögninni: „Skepnuníðsla rannsökuð í Borgarfirði“. Vitnið þekkir ákærða, Halldór Sveinbjörn, og fór samdægurs til hans að Heynesi til að kanna, hvort greinin hefði við rök að styðjast. Vitnið skoðaði fjósið hjá ákærða og önnur gripahús svo og ástand búfánaðar. Vitnið kveður það ekki fara á milli mála, að húsakosti á Heynesi hafi verið mikið ábótavant, en í þetta sinn hafði gert mikið norðaustan rok, dagana áður en greinin birtist. Hafði hliðin á fjósinu brotnað inn og þakið á fjárhúsinu að miklu leyti eyðilagst. Urðu í veðri þessu skemmdir á fleiri bæjum í Innra-Akraneshreppi en að Heynesi. Hafði ástand það, er skapaðist að Heynesi vegna þessara skemmda, verið notað til þess að útmála ástandið hjá ákærða og ávæna hann um verri meðferð á skepnum en efni stóðu til. Þegar vitnið kom að Heynesi, var lagfæring á veggnum nokkuð komin áleiðis. Vitnið skoðaði fyrst og fremst kýr ákærða. Voru þær alls ekki kvaldar af vanfóðrun, enda langt bil á milli þess að spikala skepnur og svelta þær. Sauðfé var úti, og skoðaði vitnið það ekki í þetta sinn.

Vitnið Jón Eyjólfsson bóndi, Fiskilæk, hefur skýrt frá því, að það hafi farið að Belgsholti einhvern tíma seinni hluta vetrar 1963 til að aðstoða bóndann, er var að fá kýr í fóðrun frá ákærða, Halldóri Sveinbirni. Eigi veit vitnið, hvort um allar kýr ákærða var að ræða. Vitnið hjálpaði við að koma kúnum fyrir í fjósi. Vitnið kveður kýrnar hafa verið fyrir neðan meðallag að holda-fari, en þó þannig, að það hafi verið óaðfinnanlegt.

Vitnið Haraldur Hákonarson bóndi, Fiskilæk, kveðst hafa verið að vinna hjá Magnúsi Ólafssyni í Belgsholti seinni hluta vetrar 1963, er komið var með kýr ákærða, Halldórs Sveinbjörns, þangað til fóðrunar. Kýrnar voru 12 eða 13. Vitnið kveður kýrnar hafa verið í óaðfinnanlegum holdum, en ein þeirra var léleg.

Vitnið Hreinn Elíasson, Víðigerði 3, Akranesi, sem er búfræðingur að mennt, hefur skýrt frá því, að það hafi komið í fjósið að Heynesi um sumarmál 1972. Fjósið er nýlegt með rimlaflór. Vitninu virtist vera umhorfs þar eins og gengur og gerist í fjósum.

Vitnið kom aftur í fjósið í júlí sama ár. Höfðu þá farið fram

lagfæringar á mjólkurhúsi, sem er til hliðar við fjósið, svo og fjósinu sjálfu. Mjólkurhúsið hafði verið málað og snyrt og fjósið kalkað að innan. Inngangur fyrir gripi hafði og verið lagfærður. Vitnið kveðst hafa komið í mörg fjós í grennd við Akranes og í nálægum sveitum, og getur það ekki séð, að fjósið í Heynesi standi þeim að baki.

Vitnið Þorsteinn Þorvaldsson vélstjóri, Stekkjarholti 16, Akranesi, hefur skýrt frá því, að í júlí 1971 hafi ákærði, Halldór Sveinbjörn, beðið það að koma til sín að Heynesi og stilla fyrir sig mjólkurkæli, því að hann álitir, að hlitastigið á honum væri of hátt. Vitnið fór að Heynesi seinni hluta ágúst og lækkaði á hitastillingum, en að sögn ákærða sýndi stillirinn um 5° hita, sem ákærði sagði, að væri of mikið. Vitnið kveðst ekki hafa kynnt sér mjólkurkæla sérstaklega, en gert þetta í greiðaskyni við ákærða án þess að taka gjald fyrir. Vitnið kom ekki í peningshús að Heynesi og kveðst ekkert geta borið um ástand eða fóðrun búpenings. Nokkru eftir að vitnið fór að Heynesi í framangreint sinn, hafði ákærði tal af því og sagði, að kælingin á mjólkinni væri orðin góð.

Vitnið Steinþór Bjarni Ingimarsson bifvélavirki, Miðhúsum, Innra-Akraneshreppi, hefur skýrt frá því, að það þekki ákærða, Halldór Sveinbjörn, og hafi oft komið til hans. Ákærði bað vitnið að líta á fjósið í Heynesi, er það kom þangað í apríl 1972, en þá var búið að stöðva mjólkursölu frá ákærða. Vitnið fór í fjósið með ákærða. Spurði ákærði vitnið, hvað því fyndist um fjósið. Vitninu virtist fjósið vera í sæmilegu standi, en benti ákærða á að fjarlægja timbur, er var á fóðurgangi. Vitnið leit á nautgripi þá, er voru í fjósinu, og var holdafar þeirra eins og gengur og gerist.

Vitnið Ellert Haraldsson bóndi, Eystri-Reyni, Innra-Akraneshreppi, hefur skýrt frá því, að ákærði, Halldór Sveinbjörn, hafi seinni hluta vetrar árið 1973 beðið það um hey. Vitnið lét hann fá 70—80 hesta af heyi. Vitnið flutti það á vagni heim til ákærða að Heynesi í nokkur skipti. Vitnið skildi vagninn þar eftir og sótti hann aftur, er ákærði var búinn að nota hey það, er á honum var. Vitnið veit ekkert um, hvernig ástatt var með heybirgðir ákærða.

Vitnið Steinunn Sturludóttir verkakona, Hátúni 6, Reykjavík, kveðst hafa verið í vinnu hjá ákærða, Halldóri Sveinbirni, á tíma-bílinu frá því í byrjun ágúst þar til fyrstu dagana í september árið 1972. Vitnið sá um heimilishald fyrir ákærða og aðstoðaði

hann við mjaltir. Vitnið kveður kýr ákærða hafa verið í góðu lagi. Tekur vitnið fram í því sambandi, að það hafi unnið víða í sveitum og ástand kúnna og umhirða þeirra hafi verið eins og gengur og gerist. Vitnið hreinsaði mjólkurílát að Heynesi. Var farið eftir fyrimælum frá Mjólkursamsölunni um þetta og það, að álitu þess, eins vel af hendi leyst og unnt er.

Vitnið Sigurjón Sigurðsson bóndi, Þaravöllum, Innra-Akranes-hreppi, kveðst hafa átt leið fram hjá Heynesi snemma í maí 1973. Vitnið sá kýr ákærða, Halldórs Sveinbjörns, er voru við hliðið heim að bænum. Kýrnar litu, að sögn vitnisins, ekki verr út en gengur og gerist, og sá vitnið ekki, að þær væru óprifalegar.

Vitnið Páll Eggertsson húsasmiður, Lindási, Innra-Akranes-hreppi, kveðst hafa komið að Heynesi 1. júlí 1973 að beiðni ákærða, Halldórs Sveinbjörns. Bað ákærði vitnið um að athuga hliðarstífur, er samkvæmt skýrslu sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu voru upp við gafli á fjárhúsunum, þeim til styrktar. Vitnið gat engar hliðarstífur séð, enda er erfitt að tala um slíkar stífur á gafli húss. Tré, sem reist höfðu verið upp við gaflinn, gegndu ekki slíku hlutverki. Ákærði bað vitnið einnig um að athuga, hvernig ástatt væri með járn á þaki fjóshlöðu. Vitnið skoðaði þakið. Var gat á því, en því hefði mátt loka með 3ja—4ra feta langri bárujárnsplötu.

Vitnið sér myndirnar á dskj. nr. A 4 og 5. Vitnið kveðst ekki sjá betur en tré þau, sem liggja upp að gaflinum, hafi legið með sama hætti og á myndunum sýnir, er það athugaði þau umrætt sinn. Hið sama sé að segja um þakið á fjóshlöðunni. Það hafi verið með sömu ummerkjum og á myndunum að best verður séð.

Niðurstöður.

Eins og nú hefur verið rakið, hafa margsinnis farið fram skoðanir hjá ákærða að Heynesi allt frá árinu 1961 á umhirðu og fóðrun búfenaðar og húsakosti fyrir hann. Verða skýrslur þær, sem gerðar hafa verið um skoðanir þessar af opinberum sýslunarmönnum, svo og framburðir þeirra lögð til grunvallar í málinu um sönnun á því, sem ákærða er gefið að sök. Af gögnum þessum þykir sannað, að ákærði hafi allt frá árinu 1962 vanhirt og vanfóðrað búpening sinn, þannig að hann hafi liðið sakir fóðurskorts og illrar umhirðu, en öll peningshús að Heynesi voru ófullnægjandi fyrir búpening ákærða og sum með öllu ónothæf, uns fjósið var byggt, og hið sama má að nokkru leyti segja um hlöður. Lét ákærði ekki skipast að lagfæra þetta þrátt fyrir aðvaranir yfirvalda, og virðist ástandið hafa farið versnandi síðari ár með

fóðrun og hirðingu búpeningsins, þ. e. nautgripa og sauðfjár. Um fóðrun og hirðingu hrossa liggja hins vegar ekki fyrir nægar upplýsingar, sem unnt sé að byggja á, en ákærði hafði ekki fullnægjandi húsnæði fyrir þau, svo sem honum bar skylda til. Þegar skoðun fór fram hinn 30. mars 1973 hjá ákærða, keyrði um þverbak um aðbúð og umhirðu búpenings hans skv. skýrslu sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og framburði Odds Rúnars Hjartarsonar héraðsdýralæknis, eins og áður greinir. Er ljóst af gögnum þessum og öðru, sem fram er komið í málinu, að nautgripir ákærða og sauðfé hafa þá stórlega liðið sakir illrar umhirðu og fíðurskorts, en ákærði hafði ekki getað aflað nægilegra heyja fyrir búfénað sinn sumarið áður. Sök ákærða er ekki að neinu leyti fyrnd, þar sem hið ólögmæta ástand, er að framan greinir, hefur haldist óslitið að álitu dómsins frá því á árinu 1962.

Þykir ákærði með framangreindu atferli hafa orðið brotlegur gegn 1. og 2. gr., sbr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd, eftir að breyting var gerð á lögnum með lögum nr. 38/1968. Lög nr. 54/1957 um búfjárrækt giltu, er brot ákærða hófust. Ákvæði 81. gr., sbr. 80. gr., sbr. 86. gr. þeirra laga eru efnislega samhljóða 76. gr., sbr. 75. gr., sbr. 81. gr. laga nr. 21/1965 um búfjárrækt, þannig að brot ákærða frá árinu 1962—1965 þykir mega heimfæra undir fyrrgreind lög, uns hin síðari taka gildi. Hinn 14. maí 1973, eða sama dag og ákæra var gefin út, tóku gildi búfjárræktarlög nr. 31/1973. Vísast og til 59. gr., sbr. 58. gr., sbr. 65. gr. þeirra laga, en lagaákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum framangreindra laga.

Ekkert liggur fyrir í málinu um, að ákærði hafi misþyrmt búpeningi sínum, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af því 10.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd telur dómurinn rétt, að ákærði skuli vegna hirðuleysis þess, er að framan greinir um meðferð á búpeningi sínum, sviptur ævilangt heimild til að hafa í umráðum sínum búfé, er í búfjárræktarlögum greinir, en frekari sviptingu þykir eigi ástæða til að gera ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000.

Dóm þennan kváðu upp Gunnlaugur Briem sakadómari sem setudómari og meðdómsmennirnir Brynjólfur Sandholt, héraðs-

dýralæknir í Reykjavík, og Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur í nautgriparækt hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Dómsformaður var skipaður setudómari í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. september á sl. ári, og hefur hann engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, greiði 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ævilangt heimild til að hafa í umráðum sínum búfé, er í búfjárræktarlögum greinir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Sigurðssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 50.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. janúar 1976.

Nr. 58/1974. **Haf h/f**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Steypustöðinni h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skuldamál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.